

Bréf vegna kosninga fulltrúa til Kirkjuþings

Prestar, djáknar og sóknarnefndarfólk

Ég vil vekja athygli ykkar á nýrri Jafnréttisstefnu kirkjunnar sem samþykkt var á kirkjuþingi í nóvember árið 2009 og hægt er að sjá á vefsíðu Jafnréttis-nefndar kirkjunnar <http://kirkjan.is/jafnretti/>. Þar kemur m.a. fram að kirkjan tekur mið af gildandi jafnréttislögum á Íslandi og markmiðið er að jafna hlutföll kynjanna í nefndum og ráðum þannig að þar sitji að minnsta kosti 40% konur og 40% karlar.

Nú líður að Kirkjuþingskosningum. Á kirkjuþingi eiga sæti 29 kjörnir fulltrúar. Á síðasta kjörtímabili sátu 10 konur (34,5%) og 19 karlar (65,5%) sem var svipað hlutfall og á kjörtímabilinu á undan.

Af þessum 29 fulltrúum eru 12 vígðir menn og 17 leikmenn, auk þess biskup Íslands, tveir vígslubiskupar og einn fulltrúi guðfræðideildar Háskóla Íslands með málfrelsi og tillögurétt.

Ef hlutfall vígðra þjóna (prestar og djáknar) er skoðað sérstaklega voru 2 konur og 10 karlar meðal þeirra sem náðu kjöri sem aðalmenn á síðasta kjörtímabili og hafði konum þá fækkað hlutfallslega í hópi vígðra þjóna á Kirkjuþingi úr 33,3% í 16,7%.

Á síðasta kjörtímabili náðist hins vegar jafnvægi á milli kvenna og karla í hópi leikra fulltrúa, en þá voru 8 af 17 fulltrúum konur eða 47% og hafði þá fjölgað úr 25% frá árinu áður, en engin kona sat á Kirkjuþingi frá 1999 til 2001. (samtekt Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni)

Nauðsynlegt er að hlutfall kynjanna sé með jafnasta móti í stjórnun kirkjunnar. Á kirkjuþingi eru teknar mikilvægar ákvarðanir fyrir kirkjuna í heild. Meðlimir kirkjunnar eru 49,8% karlar og 50,2% konur og er það áriðandi að bæði kynin komi að stjórnun og ákvarðanatöku. Það hefur sýnt sig að þeim fyrirtækum og stofnunum vegnar betur sem hafa jafnréttisstefnu og fara eftir henni. Því að um leið og bæði kynin koma jafnt að stjórnun og ákvarðanatöku þá er betur komið til móts við þarfir beggja kynja sem leiðir til aukins jafnvægis og ánægju.

Því vil ég hvetja þig og þau sem kjósa til kirkjuþings að huga að sem jafnastri skiptingu kynjanna á þinginu.

Hrísey 14.04.10

fyrir hönd Jafnréttisnefndar kirkjunnar
Sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir, formaður
blami@simnet.is